

Fimmtudaginn 29. janúar 1998.

Nr. 95/1997.

M

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)
gegn

K

(Ástráður Haraldsson hrl.)

**Innheimtustofnun sveitarfélaga og
til réttargæslu Jöfnunarsjóði sveitarfélaga**

(Erla S. Árnadóttir hrl.) **og**

Innheimtustofnun sveitarfélaga

gegn

M

Stjórnsýsla. Börn. Faðerni. Meðlag. Endurgreiðsla. Gjafsókn.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Pétur Kr. Hafstein, Guðrún Erlendsdóttir, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Hrafn Bragason.

Aðaláfrýjandi skaut máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. febrúar 1997. Hann krefst þess, að stefnda, K, verði dæmd til að greiða sér 305.371 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 49.223 krónum frá 21. september 1992 til 24. ágúst 1994, en af 305.371 krónu frá þeim degi til greiðsludags. Þá krefst hann þess, að gagnáfrýjandi Innheimtustofnun sveitarfélaga verði dæmdur til þess að fella niður gjaldfallna meðlagskröfu á hendur sér vegna barnsins A, f. . . . 1986, að höfuðstól 224.922 krónur, auk áfallandi dráttarvaxta og verði gert að endurgreiða sér 8.994 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 1. september 1995 til greiðsludags. Loks krefst aðaláfrýjandi þess, að stefnda, K, og gagnáfrýjandi Innheimtustofnun sveitarfélaga verði in solidum dæmd til greiðslu málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hann fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 13. mars 1997.

Stefnda, K, krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en hún

fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytis 21. janúar 1998.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 7. júlí 1997. Hann krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms að undanskildu málskostnaðarákvæði hans. Hann krefst þess, að aðaláfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Engar kröfur eru gerðar á hendur réttargæslustefnda, og hann hefur ekki uppi kröfur í málinu.

I.

Svo sem greinir í héraðsdómi, gekkst aðaláfrýjandi við faðerni barns þess, sem stefnda ól ... 1986, með undirritun faðernisyfirlýsingar 9. maí sama ár. Á grundvelli hennar var gefinn út meðlagsúrskurður á hendur honum 13. júní 1986. Tryggingastofnun ríkisins greiddi stefndu meðlag með barninu, þar til greiðslur voru felldar niður 1. desember 1992 á grundvelli blóðrannsóknar, sem sýndi, að aðaláfrýjandi gæti ekki verið faðir barnsins. Dómur, sem ógilti faðernisviðurkenninguna, var kveðinn upp 25. nóvember 1993. Annar maður gekkst síðan við barninu að lokinni blóðrannsókn og samþykkti að greiða meðlag með því frá 1. desember 1992.

Í máli þessu krefur aðaláfrýjandi stefndu um endurgreiðslu þeirra meðlagsgreiðslna, sem hann hefur þegar innt af hendi, auk kostnaðar vegna blóðrannsóknar. Fallist er á það með héraðsdómi, að ósannað sé, að stefnda hafi haft í frammi vísitandi blekkingu, er hún lýsti aðaláfrýjanda föður að barni sínu. Með vísan til forsendna héraðsdóms ber að staðfesta hann um sýknu stefndu.

II.

Krafa aðaláfrýjanda á hendur gagnáfrýjanda er um niðurfellingu gjaldfallins, en ógreidds meðlags og endurgreiðslu á vaxtabótum, sem nýttar voru til skuldajöfnunar á meðlagskröfum.

Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. laga nr. 54/1971 um Innheimtustofnun sveitarfélaga, sbr. 4. gr. laga nr. 43/1984, skal stofnunin innheimta hjá meðlagsskyldum foreldrum meðlög, sem Tryggingastofnun ríkisins hefur greitt forráðamönnum barna þeirra, sbr. 73. gr. laga nr. 67/1971 um almannatryggingar, sbr. nú 59. gr. laga nr. 117/1993. Annast innheimtustofnunin þetta fyrir hönd sveitarfélaganna. Í lögum nr.

54/1971 er ekki heimild til að afskrifa kröfur á hendur meðlags-skyldu foreldri, en með lögum nr. 71/1996 var heimild innheimtu-stofnunarinnar til breytinga og eftirgjafa aukin vegna ýmiss konar félagslegra erfiðleika meðlagsgreiðenda. Samkvæmt 2. mgr. 1. gr. þeirra laga er stjórn stofnunarinnar heimilt að afskrifa og endur-greiða höfuðstól skuldar, sem stofnast hefur, eftir að niðurstaða blóðrannsóknar liggur fyrir og/eða mál hefur verið höfðað til ógild-ingar á faðernisviðurkenningu eða til vefengingar á faðerni barns. Hér er um að ræða heimildarákvæði við tilteknar aðstæður, og er ekki fallist á það, að heimilt sé að gagnálykta frá því á þann veg, að óheimilt sé, hvernig sem á stendur, að fella niður skuld, sem stofn-ast hefur, áður en niðurstaða blóðrannsóknar liggur fyrir eða ógild-ingardómur hefur gengið.

Eins og að framan greinir, var faðernisviðurkenning aðaláfrýj-anda ógilt með dómi 25. nóvember 1993, en tryggingastofnunin stöðvaði meðlagsgreiðslur til stefndu 1. desember 1992. Annar mað-ur er nú löglegur faðir barnsins og greiðir með því meðlag. Er því ekki lengur grundvöllur til að innheimta framangreinda skuld hjá aðaláfrýjanda.

Samkvæmt framansögðu er fallist á kröfu aðaláfrýjanda um niðurfellingu meðlagsskuldarinnar.

Gagnáfrýjandi skuldajafnaði vaxtabótum, 8.994 krónum, sem renna áttu til aðaláfrýjanda, við meðlagskröfuna 1. ágúst 1995. Var það nær tveimur árum eftir að faðernisviðurkenning hans var ógilt með dómi. Samkvæmt framansögðu var slík ráðstöfun vaxtabóta óheimil, og ber gagnáfrýjanda að endurgreiða aðaláfrýjanda þá fjár-hæð með dráttarvöxtum, eins og greinir í dómsorði.

Gjafsóknarákvæði héraðsdóms er staðfest. Rétt þykir, að máls-kostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður að öðru leyti en því, að gagnáfrýjandi greiði málskostnað í ríkissjóð, en gjafsóknar-kostnaður fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, svo sem í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð:

Stefnda, K, skal vera sýkn af kröfum aðaláfrýjanda, M.

Gjaldfallin meðlagsskrafa gagnáfrýjanda, Innheimtustofnun-

ar sveitarfélaga, á hendur aðaláfrýjanda, að höfuðstól 224.922 krónur, auk áfallinna dráttarvaxta, er felld niður.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 8.994 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. september 1995 til greiðsludags.

Gjafsóknarákvæði héraðsdóms er staðfest.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður að öðru leyti en því, að gagnáfrýjandi greiði samtals 250.000 krónur í málskostnað í ríkissjóð.

Allur gjafsóknarkostnaður aðaláfrýjanda og stefndu, K, fyrir Hæstarétti greiðist úr ríkissjóði, þar með talin þóknun málflytjenda þeirra fyrir réttinum, 150.000 krónur til hvors um sig.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 29. nóvember 1996.

Mál þetta var höfðað með stefnu, birtri 10. júní 1996. Það var dómtekið að loknum munnlegum málflutningi, sem fram fór 20. nóvember sl.

Að beiðni lögmanns stefndu, K, var málið endurupptekið 26. nóvember sl. til framlagningar gjafsóknar, sem henni var veitt með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, dags. 25. nóvember sl.

Stefnandi málsins er M, f. 1958, með lögheimili að ..., Reykjavík, nú óstaðsettur í Reykjavík, en stefndu eru K, f. 1956, ..., Reykjavík, Innheimtustofnun sveitarfélaga, kt. 530372-0229, Lágmúla 9, Reykjavík, og Jöfnunarsjóður sveitarfélaga, kt. 480676-0179, Hafnarhúsinu við Tryggvagötu í Reykjavík, sem stefnt er til réttargæslu.

Dómkröfur.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda, K, verði dæmd til að greiða sér 305.371 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af 49.223 kr. frá 21. september 1992 til 24. ágúst 1994, en af 305.371 kr. frá þeim degi til greiðsludags. Enn fremur er þess krafist, að stefndi Innheimtustofnun sveitarfélaga, verði dæmdur til að fella niður gjaldfallna meðlagskröfu á hendur stefnanda vegna barnsins B, f. 1986, að höfuðstól 224.922 kr., auk áfallandi dráttarvaxta og verði gert að endurgreiða stefnanda 8.994 kr. ásamt dráttarvöxtum skv. III. kafla tilvitnaðra vaxtalaga frá 1. september 1995 til greiðsludags.

Þá er þess krafist, að stefndu K og Innheimtustofnun sveitarfélaga verði in solidum gert að greiða stefnanda málskostnað að mati dómsins, þ. m. t.

virðisaukaskattur af málflutningsþóknun, eins og mál þetta væri eigi gjaf-sóknarmál.

Af hálfu stefndu, K, er aðallega krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda, jafnframt því sem stefnanda verði gert að greiða sér málskostnað að við-bættum lögmaletum virðisaukaskatti. Til vara er þess krafist af hennar hálfu, að kröfur stefnanda verði lækkaðar og engir vextir dæmdir fyrir en frá dómsuppsögudegi og málskostnaður verði felldur niður.

Innheimtustofnun sveitarfélaga gerir þær dómkröfur, að stofnunin verði með öllu sýknuð af kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða sér máls-kostnað að mati réttarins auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun.

Engar kröfur eru gerðar af hálfu réttargæslustefnda, Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Stefnandi fékk gjafsókn með bréfi dóms- og kirkjumálaráðuneytisins, sem dagsett er 4. desember 1995.

Málavextir, málsástæður og lagarök.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi lýsir málavöxtum svo, að stefnda, K, hafi árið 1986 alið stúlku-barn, er fengið hafi nafnið B. Hafi hún lýst sig föður að barninu. Fæðingar-læknir á Fæðingardeild Landspítalans hafi haft samband við sig af því til-efni, og hafi hann komið á fund læknisins að hans beiðni. Hafi móðirin full-yrft, að stefnandi kæmi einn til greina sem faðir barnsins, og því hafi hann gengist við faðerni þess með undirritun faðernisyfirlýsingar 9. maí s. á. Hinn 13. júní s. á. hafi verið gefin út meðlagsúrskurður á hendur sér á grundvelli faðernisviðurkenningar sinnar.

Um það bil tveimur árum síðar hafi hann fengið bakþanka um faðernið og því farið fram á það við móðurina, stefndu K, að fram færi blóðrann-sókn til að taka af allan vafa í þessu tilliti. Hún hafi margoft synjað þeirrar beiðni. Árið 1992 hafi hann gripið til þess ráðs að rjúfa öll tengsl við barnið, sem leitt hafi til þess, að móðirin hafi fallist á, að blóðrannsókn færi fram til staðfestingar á faðerni þess. Rannsóknin hafi leitt í ljós, að hann gat ekki verið faðir B. Að fenginni þeirri niðurstöðu hafi innheimta meðlaga á hendur sér verið stöðvuð frá og með desember 1992 með samkomulagi að-ila. Þá hafi löngu verið liðinn lögbundinn frestur sinn til að fá ógilta fað-ernisviðurkenninguna með dómi. Því hafi stefnda, K, höfðað mál fyrir hönd dóttur sinnar fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur í þessu skyni. Dómur hafi ver-ið upp kveðinn í málinu 25. nóvember 1993 og faðernisviðurkenning sín ógilt. Stefnda hafi þá lýst X föður barnsins, sem gengist hafi við faðerni þess að lokinni DNA-rannsókn, sem veitt hafi yfirgnæfandi líkur fyrir fað-erni hans, og hann hafið greiðslu meðlaga með því. Stefnandi kveðst hafa

leitað allra leiða til þess að ná samkomulagi við móður og föður B um endurgreiðslu þeirra meðlagsgreiðslna, sem hann hafi þegar innt af hendi. Höfuðstóll þeirrar fjárhæðar nemi 256.148 kr. auk kostnaðar við DNA-rannsókn, að fjárhæð 49.223 kr.

Jafnframt þessu hafi hann freistað þess að fá Innheimtustofnun sveitarfélaga til að fella niður gjaldfallna, en ógreidda meðlagsskuld sína. Sú viðleitni hafi engan árangur borið og sér þar verið tjáð, að innheimtu á hendur sér vegna ógreiddra meðlaga yrði haldið til streitu. Hinn 1. ágúst 1995 hafi vaxtabætur, að fjárhæð 8.994 kr., sem renna áttu til sín, verið teknar upp í gjaldfallna meðlagsskuld. Því eigi hann ekki annan kost en höfða mál þetta. Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sé réttargæslustefnt til þess að gæta hagsmuna sinna á grundvelli d-liðar 10. gr. laga nr. 4/1995, sbr. 4. gr. laga nr. 57/1971. Samkvæmt tilvitnuðum lagagreinum beri jöfnunarsjóður hallann af því, að meðlagskröfur innheimtist ekki, og snerti því krafa sín á hendur innheimtustofnun hagsmuni jöfnunarsjóðs. Félagsmálaráðherra fari með yfirstjórn sjóðsins skv. 16. gr. laga nr. 4/1995, og sé honum því réttargæslustefnt fyrir hans hönd.

Stefnandi styður kröfu sína á hendur stefndu, K, því, að hún hafi gegn betri vitund eða af stórkostlegu gáleysi valdið sér tjóni með þeirri fullyrðingu sinni, að hann einn kæmi til greina sem faðir B. Tjón sitt af þessum sökum nemi nú meðlagsgreiðslum, sem hann hafi þegar innt af hendi, að fjárhæð 256.148 kr., og útlögðum kostnaði við DNA-rannsókn, sem nemi 49.223 kr., samtals 305.371 kr., sem séu stefnufjárhæð á hendur stefndu K.

Krafa um niðurfellingu ógreiddra álagðra meðlagsgreiðslna snúi ein göngu að Innheimtustofnun sveitarfélaga. Hún sé studd þeim rökum, að stefnandi sé ekki faðir B og sé því ekki framfærsluskyldur gagnvart henni að lögum. Meðlagsúrskurðurinn, sem innheimtan hvíli á, styðjist við faðernisviðurkenningu, sem fengin hafi verið með sviksamlegum hætti og frá upphafi á röngum forsendum. Hann sé því ógildur og ekki viðhlítandi grundvöllur fyrir innheimtu meðlaga á hendur sér. Þá skírskotar stefnandi til sanngirniraka og telur það brjóta í bága við réttarvitund almennings, að opinber stofnun haldi til streitu að innheimta kröfu í skjóli stjórnvaldsúrskurðar, sem reistur sé á alröngum forsendum. Af sömu ástæðum telur stefnandi, að ráðstöfun vaxtabóta, er sér tilheyrðu, upp í meðlagskröfuna hafi verið óheimil, og beri innheimtustofnun að endurgreiða sér þá fjárhæð.

Stefnandi miðar kröfu sína á hendur stefndu K við reglur íslensks réttar um skaðabætur utan samninga, og vísar sérstaklega til almennu sakarreglunnar.

Krafan á hendur stefnda, Innheimtustofnun sveitarfélaga, sé reist á ógildingarreglum íslensks stjórnarfarsréttar, og sé sérstaklega vísað til reglna um svik og forsendubrest, en auk þess skírskotað til eðlis máls. Til stuðnings vaxtakröfu sinni vísar stefnandi til laga nr. 25/1987, en vísar um málskostnaðarkröfu sína á 130. gr. laga nr. 91/1991, sbr. 127. og 128. gr. sömu laga. Krafan um virðisaukaskatt af málflutningsþóknun sé reist á lögum nr. 50/1988.

Málsástæður og lagarök stefndu, K.

Stefnda, K, gerir þær athugasemdir við málavaxtalýsingu stefnanda, að hann hafi aldrei mótmælt faðerni barnsins og hún sjálf talið hann eina hugsanlega föður þess. Stefnandi hafi rækilega verið upplýstur um rétt sinn til að óska eftir blóðrannsókn við komu sína á Landspítalann 9. maí 1986, væri hann í einhverjum vafa um faðerni barnsins. Hann hafi lýst því yfir, sérstaklega að því spurður, að hann drægi ekki í efa, að hann væri faðir þess, og staðfest samdægurs (9. maí) það álit sitt með undirritun sérstakrar yfirlýsingar þar að lútandi. Meðlagsúrskurður hafi verið kveðinn upp í kjölfar þessarar yfirlýsingar 13. júní s. á. Blóðrannsókn hafi farið fram að frumkvæði stefndu, K, og meðlagsgreiðslur stefnanda stöðvaðar, þegar niðurstaða þeirrar rannsóknar lá fyrir. Stefnanda, K, hafi síðan höfðað mál til ógildingar faðernisyfirlýsingar stefnanda. Dómur hafi fallið í málinu 25. nóvember 1993, en tæpu ári síðar hafi stefnandi orðað kröfur á hendur sér um endurgreiðslu áður greidds meðlags. Þessu hafi hún hafnað, og hafi ekkert síðan heyrt frá stefnanda fyrr en með málsókn þessari.

Stefnda, K, reisir sýknukröfu sína á því, að hún hafi í góðri trú og eftir vandlega íhugun talið stefnanda föður að barni sínu. Hún hafi einungis haft samræði við tvo menn á getnaðartíma barnsins, en hafnað X, þar sem hún taldi sig hafa haft blæðingar eftir samræði við hann. Hún hafi enga hagsmuni haft af því að kenna stefnanda barnið fremur en X, sem nú hafi réttilega gengist við faðerni þess.

Stefnda, K, vísar til dóms Hæstaréttar frá 1983, bls. 1280, þar sem um hliðstætt sakarefni hafi verið að ræða.

Að öðru leyti styður stefnda, K, aðal- og varakröfur sínar eftirtöldum málsástæðum: Hún sé 75% öryrki og mjög tekjulág, eins og fram lögð skjöl beri með sér. Því myndi dómur um endurgreiðslu meðlagsins koma mjög þungt niður á sér, og í raun eygi hún enga möguleika á endurgreiðslu þess. Fyrirnefndur hæstaréttardómur hafi m. a. verið studdur þessum rökum. Þá sé til þess að líta, að stefnda, K, hafi í góðri trú tekið við umræddum fjármunum og mátt treysta því, að um endanlegar og óafturkræfar greiðslur væri að ræða.

Þá miðar hún málsvörn sína við almennar reglur skaðabótaréttar og það fordæmi, sem leitt verði af fyrrnefndum hæstaréttardómi. Til stuðnings málskostnaðarkröfu sinni vísar stefnda til 130. gr. laga nr. 91/1991, en styður kröfu sína um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun við lög nr. 50/1988 um virðisaukaskatt.

Málsástæður og lagarök Innheimtustofnunar sveitarfélaga.

Stefndi, Innheimtustofnun sveitarfélaga, byggir sýknukröfu sína á því, að lögbundið hlutverk hennar sé að innheimta meðlög hjá meðlagsskyldum foreldrum, sem Tryggingastofnun ríkisins hafi greitt forráðamönnum barna, sbr. 3. gr. laga nr. 54/1971.

Stofnunin hafi því innheimt meðlag hjá stefnanda, enda hafi legið fyrir yfirlýsing af hans hálfu um faðerni B, dagsett 9. maí 1986, og löglegur meðlagsúrskurður frá 13. júní 1986, þar sem stefnanda hafi verið gert að greiða meðlag með barninu frá 1. júlí 1986 og til 18 ára aldurs þess. Tryggingastofnun ríkisins hafi greitt K, forráðamanni barnsins, meðlag skv. úrskurðinum, og stefnda, Innheimtustofnun sveitarfélaga, hafi því borið lögum samkvæmt að innheimta framlagið hjá stefnanda. Stefnandi hafi ekki staðið í skilum með meðlagsgreiðslur, en hætt hafi verið að innheimta hjá honum ógjaldfallið meðlag í desember 1992 á grundvelli samkomulags stefnanda og K, þegar blóðrannsókn hafi leitt í ljós, að hann væri ekki faðir barnsins. Fallist hafi verið á beiðni stefnanda um niðurfellingu dráttarvaxta. Hins vegar hafi kröfu hans um niðurfellingu ógreiddra, en gjaldfallinna meðlagsgreiðslna verið hafnað, enda hafi tryggingastofnun þegar greitt móður samsvarandi fjárhæð.

Innheimtustofnun sveitarfélaga reisi sýknukröfu sína á þeim rökum, að henni sé með öllu óheimilt að verða við kröfu stefnanda um niðurfellingu meðlagskrafna hans. Samkvæmt meðlagsúrskurði frá 13. júní hafi stefnandi verið „meðlagsskylt foreldri“ frá júlí 1986 og fram til desember 1992 og beri því ábyrgð á meðlagsgreiðslum Tryggingastofnunar ríkisins vegna barnsins þann tíma. Tryggingastofnun sé skylt að greiða meðlag skv. löglegum meðlagsúrskurði, sbr. 59. gr. laga nr. 117/1993, og Innheimtustofnun sveitarfélaga að innheimta það meðlag hjá hlutaðeigandi foreldri, stefnanda í þessu tilviki, skv. áðurnefndri 3. gr. laga nr. 54/1971. Engin heimild sé í lögum til að afskrifa eða fella innheimtuna niður.

Telji stefnandi innheimtuna ranga, beri honum að beina kröfu sinni gegn móður barnsins og/eða réttum föður þess. Samskipti barnsmóður og stefnanda svo og samskipti við föður séu hins vegar einungis einkamál þeirra sjálfra, en ekki stofnunarinnar.

Af hálfu stofnunarinnar sé litið sé svo á, að með niðurfellingu dráttar-

vaxta hafi verið tekið tillit til sjónarmiða stefnanda, eins og frekast sé kostur, með hliðsjón af gildandi lögum. Óheimilt sé að afskrifa eða fella skuldina niður. Miklu fremur megi gagnálykta í þá veru, að óheimilt sé að afskrifa eða endurgreiða höfuðstól skuldar, sem stofnast hafi, áður en ný blóðrannsókn hafi legið fyrir, sbr. 1. gr. 3. mgr. laga nr. 71/1996.

Þá gerir stefndi, Innheimtustofnun sveitarfélaga, kröfu um sýknu af endurgreiðslukröfu stefnanda á þeim vaxtabótum, er skuldajafnað var við meðlagsskuld hans í ágúst 1995, að fjárhæð 8.994 kr. Þessu til stuðnings vísar Innheimtustofnun sveitarfélaga til 69. gr. laga nr. 75/1981, sbr. rgl. 379/1995, þar sem veitt sé heimild til skuldajöfnunar vaxtabóta á móti vangreiddum meðlögum.

Um kröfu sína um virðisaukaskatt á málskostnað vísar stefndi, innheimtustofnun, á lög nr. 50/1988.

Forsendur og niðurstaða.

Stefnandi kom fyrir dóm til skýrslugjafar við aðalmeðferð málsins og auk þess kom þar til skýrslugjafar Svava Stefánsdóttir yfirfélagsráðgjafi. Verður framburður þeirra rakinn í meginatriðum.

Vitnið Svava Stefánsdóttir kannaðist við að hafa verið vottur að faðernisyfirlýsingu stefnanda, sem hann undirritaði á kvennadeild Landspítalans 9. maí 1986, en kvaðst ekki hafa komið að málinu með öðrum hætti. Hins vegar hefði sér verið kunnugt um, að María Þorgeirsdóttir félagsráðgjafi, sem aðallega hafi séð um mál K á þessum tíma, hefði átt viðtöl við móður og ætlaðan föður. Allt slíkt sé skráð í bækur hjá kvennadeildinni. Hún hefði kynnst K árið 1986, þegar hún átti barnið, og síðan endurnýjað þau kynni árið 1992, um það leyti, sem hún ritaði bréfið, sem dags. sé 23. nóvember 1992. Þá hefði verið ljóst, að barn K var rangfeðrað. Hún hefði á þeim tíma verið aðalfélagsráðgjafi hennar og liðsinnt henni, eins og hún hefði talið rétt og skynsamlegt. Þegar stefnandi undirritaði faðernisyfirlýsingu sína, hefði undirritun slíkra yfirlýsinga farið fram á kvennadeildinni að fyrirmælum sakadóms. Mönnum hefði verið gerð grein fyrir því, áður en þeir undirrituðu yfirlýsinguna, að í henni fælist alvarleg skuldbinding, og þeim bent á rétt sinn til að fara fram á blóðrannsókn, áður en þeir gengjust við faðerni með þessum hætti, ef þeir væru í minnsta vafa. Vitnið kvað K ekki hafa tilgreint neinn annan sem líklegan föður við fæðingu barnsins. Það hefði fyrst komið til árið 1992, er ljóst varð við blóðrannsókn, að stefnandi gæti ekki verið faðir þess.

Stefnandi kvaðst ekki hafa verið boðaður sérstaklega á kvennadeild Landspítalans til undirritunar faðernisyfirlýsingarinnar, heldur hefði þetta borið að með þeim hætti, að hann hefði komið á kvennadeildina til að

sækja móður og barn og starfsmaður Landspítalans, læknir eða félagsráðgjafi, þá komið til sín á gangi kvennadeildarinnar og látið sig vita, að hann ætti rétt á, að blóðrannsókn færi fram, áður en hann gengist við faðerni barnsins. Hann hefði þó ekki talið ástæðu til að óska eftir blóðrannsókn, enda talið sig vera föður barnsins og ekki haft nokkra ástæðu til að ve-fengja það. Síðan hefði verið farið inn í hliðarherbergi og hann undirritað faðernisfyrirlysinguna. Engin umræða hefði farið fram, áður en til þess kom. Ekkert hefði komið þar fram, að annar maður gæti komið til greina. Stefnda, K, hefði lagt hart að sér að láta blóðrannsókn ekki fara fram. Hann hefði reyndar ekki talið þess þörf, enda hefði stefnda ávallt fullyrt, að hann einn kæmi til greina. Einnig hefðu slæmar aðstæður stefndu á þessum tíma ráðið einhverju um afstöðu sína. Hann kvað samskipti sín og stefndu hafa verið einnar nætur ævintýri. Hún hefði látið sig vita um þungun sína u. þ. b. einum til tveimur mánuðum síðar, og hefðu samskipti þeirra orðið mikil, bæði meðan á meðgöngu stóð og eins eftir fæðingu barnsins. Hefðu samskipti þeirra aðallega stafað af þörf stefndu fyrir stuðning á þessum tíma, og séu veikindi hennar e. t. v. skýring þess. Hann hefði reynt að styðja hana eftir föngum, þar sem hann taldi sig vera föður barnsins. Bakþanka um faðernið kvaðst hann hafa farið að fá u. þ. b. tveimur árum eftir fæðingu þess og einkum tvennt komið til. Annað var það, að barnið líktist sér ekkert, og eins hefði hann þá farið að gera sér grein fyrir því, að fullyrðingar mæðra um faðerni stæðust ekki alltaf. Þetta viðhorf sitt hefði komið smám saman. Hefði hann um þetta leyti fært í tal við móðurina, að blóðrannsókn færi fram til að skera úr um faðerni barnsins, en hún hefði tekið því mjög illa. Í fyrstu hefði hann sett þessar óskir fram í góðu, en þegar það bar ekki árangur, hefði hann farið að kynna sér málið og komist að raun um, að lagalega stæði hann illa að vígi. Hefði hann þá gripið til þess ráðs að rjúfa öll samskipti við móður og barn til að knýja fram óskir sínar um blóðrannsókn. Hefði það að lokum borið árangur. Hann kvaðst ekki hafa vitað um sjálfstæðan lagalegan rétt sinn til að höfða mál til ógildingar á faðerni barnsins. Hefði hann leitað sér lögfræðiaðstoðar og fengið þær upplýsingar, að barnið eða móðir þess þyrfti að vera sækjandi slíks máls.

Álit dómsins.

Fyrir liggur í málinu bréf vitnisins Svövu Stefánsdóttur til Ingibjargar Rafnar hdl., þáverandi lögmanns stefndu, K, dags. 23. nóvember 1992. Þar segir m. a.: „K hefur sögu um geðræn vandamál. Hún er metin 75% öryrki, en getur unnið hlutastarf við aðhlynningu. – Hún hefur verið í meðferð á Borgarspítala tvívegis frá 1980 svo og lyfjameðferð frá 1977, undanfarin ár göngudeildarmeðferð, læknir Oddur Bjarnason geðlæknir. Einkenni hennar

hafa verið kvíði, svefnleysi, ranghugmyndir á köflum, paranoid-hugmyndir. – Hún hefur mjög gott sjúkdómsinsnei og stundar geðmeðferð vel og hugsar vel um heimili, barn og sitt hlutastarf.“

1. Krafa stefnanda á hendur stefndu, K.

Stefnandi reisir kröfur sínar á hendur stefndu, K, á því, að hún hafi gegn betri vitund eða af stórkostlegu gáleysi kennt sér barnið B. Hann hafi treyst fullyrðingum hennar um það, að hún hafi ekki verið í tygjum við aðra karlmenn á getnaðartíma barnsins, enda hafi hann ekki haft nokkra ástæðu til að rengja frásögn hennar þar að lútandi. Stefnda, K, hafi með þessum hætti valdið sér tjóni, sem nemi stefnufjárhæð málsins. Um sé að ræða skaðabótakröfu, sem byggist á almennu sakarreglunni.

Dómurinn lítur svo á, að ósannað sé, að stefnda, K, hafi gegn betri vitund talið stefnanda einan koma til álita sem föður barns síns. Í áður nefndu bréfi vitnisins Svövu frá 23. nóvember 1992 kemur fram, að stefndu, K, hafi orðið mikið um það, er stefnandi kom ekki til greina sem faðir að barninu, þar eð hún hafi miðað faðerni hans við síðustu reglulegar blæðingar og ekki verið með öðrum manni á þeim tíma. Því verður að telja, að stefnda hafi verið í góðri trú, er hún benti á stefnanda sem föður að barninu B.

Við mat á bótakröfu stefnanda þykir rétt að líta til þess, að stefnandi hefur viðurkennt, að sér hafi verið bent á að láta blóðrannsókn skera úr um faðerni barnsins, áður en hann undirritaði faðernisyfirlýsingu sína 9. maí 1986, væri hann í nokkrum vafa um faðernið.

Þá þykir stefnandi hafa sýnt af sér mikið tómlæti með því að hafast ekkert að, sé það virt, að hann kveðst hafa fengið grunsemdir um, að barnið væri rangfeðrað þegar árið 1988. Ósannað er að mati dómsins, að stefnda, K, hafi staðið í vegi fyrir því á þeim tíma, að blóðrannsókn færi fram.

Ekki verður heldur fram hjá því litið, að endurgreiðsla meðlagsins myndi verða stefndu, K, afar erfið fjárhagslega, sé til þess litið, að hún er 75% öryrki og mjög tekjulág. Hún veitti meðlagsgreiðslunum viðtöku í góðri trú og mátti gera ráð fyrir, að um óendurkræfa greiðslu væri að ræða, eins og málið sneri þá að henni.

Samkvæmt framansögðu þykir rétt að fallast á sýknukröfu stefndu, K, af kröfum stefnanda á hendur henni.

2. Kröfur stefnanda á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga.

Stefnandi styður kröfu sína á hendur Innheimtustofnun sveitarfélaga við það, að hann sé ekki faðir B og því ekki framfærsluskyldur gagnvart henni að lögum. Meðlagsúrskurður, sem greiðsla tryggingastofnunar grundvallist

á, sé því markleysa og ógildanlegur með vísan til þeirra sjónarmiða, sem ógildingarreglur samningalaga nr. 7/1936 byggist á. Þá sé það ósamrýmanlegt almennri réttarvitund að halda innheimtu meðlagsskuldarinnar til streitu.

Í 3. gr. laga nr. 54/1971, sbr. lög nr. 43/1984, segir, að það sé hlutverk Innheimtustofnunar sveitarfélaga að innheimta meðlög hjá meðlagsskyldum foreldrum, sem Tryggingastofnun ríkisins hafi greitt forráðamönnum barna þeirra.

Samkvæmt 8. gr. barnalaga nr. 9/1981 telst sá faðir barns, sem gengist hefur við faðerni þess bréflega og vottfast, nú 5. gr. barnalaga nr. 20/1992.

Stefnandi gekkst við faðerni B með yfirlýsingu þar að lútandi, dags. 9. maí 1986, eins og að framan er rakið. Á grundvelli þeirrar viðurkenningar hans var kveðinn upp meðlagsúrskurður 13. júní 1986, sem Tryggingastofnun ríkisins reisti á greiðslur sínar til stefndu, K, skv. 73. gr. laga nr. 67/1973 um Tryggingastofnun ríkisins, sbr. lög nr. 62/1974. Innheimtustofnun sveitarfélaga var falið að innheimta þær fjárhæðir, sem tryggingastofnun hafði greitt stefndu, K, í samræmi við markað starfssvið sitt.

Í lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga er ekki að finna heimild til að afskrifa kröfur á hendur meðlagsskyldu foreldri. Í niðurlagi 5. gr. laga nr. 54/1971 um innheimtustofnun, sbr. lög nr. 39/1987, er stofnuninni veitt heimild til að víkja frá töku dráttarvaxta, ef um sérstaka félagslega erfiðleika er að ræða hjá viðkomandi meðlagsgreiðanda. Með lögum nr. 71/1996 var heimild innheimtustofnunar aukin til breytinga og eftirgjafar í þágu meðlagsgreiðenda, m. a. vegna ýmiss konar félagslegra erfiðleika þeirra. Í 2. mgr. 1. gr. laganna er svohljóðandi ákvæði: „Stjórn Innheimtustofnunar sveitarfélaga er heimilt að afskrifa og endurgreiða höfuðstól skuldara, sem stofnast hefur, eftir að niðurstaða blóðrannsóknar liggur fyrir og/eða mál hefur verið höfðað til ógildingar á faðernisviðurkenningu eða til vefengingar á faðerni barns.“

Gagnályktun af þessu lagaákvæði leiðir til þeirrar niðurstöðu, að óheimilt sé að fella niður skuld, sem stofnast hefur, áður en niðurstaða blóðrannsóknar liggur fyrir eða ógildingardómur gengið, eins og krafist er af hálfu stefnanda í þessu máli.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, er kröfu stefnanda á hendur Innheimtustofnunar sveitarfélaga hafnað, enda þótt sanngirnissjónarmið leiði til annarrar niðurstöðu.

Þá gerir stefnandi kröfu til þess, að Innheimtustofnun sveitarfélaga verði gert að endurgreiða sér 8.994 kr., eins og að framan er rakið.

Þessari kröfu hans er hafnað með vísan til þess, að heimilt er að nýta vaxtabætur til skuldajöfnunar við meðlagskröfur samkvæmt 69. gr. laga nr.

75/1981, sbr. rgl. nr. 379/1995. Meðlagsskuld stefnanda er í fullu gildi samkvæmt framansögðu, og því var skuldajöfnun heimil.

Niðurstaðan er því sú, að kröfum stefnanda á hendur stefndu, K, og Innheimtustofnun sveitarfélaga er hafnað.

Rétt þykir, eins og atvikum er háttað, að málskostnaður falli niður.

Engar kröfur eru gerðar á hendur Jöfnunarsjóði sveitarfélaga, né heldur eru kröfur gerðar af hans hálfu.

Stefnandi, M, fékk gjafsókn í málinu. Málskostnaður hans er ákveðinn 112.639 kr., sem greiðist úr ríkissjóði, þar af málflutningslaun Ómars Stefánssonar hdl., lögmanns hans, 106.759 kr., þar með talinn virðisaukaskattur.

Stefndu, K, var einnig veitt gjafsókn í málinu. Málskostnaður hennar er ákveðinn 106.759 kr., þar með talinn virðisaukaskattur, sem greiðist úr ríkissjóði og gangi til Jóhanns Halldórssonar hdl., lögmanns hennar.

Skúli J. Pálmason héraðsdómari kvað upp þennan dóm.

D ó m s o r ð:

Stefndu, K og Innheimtustofnun sveitarfélaga, eru sýknuð af kröfum stefnanda, M.

Málskostnaður fellur niður.

Málskostnaður stefnanda, 112.639 kr., greiðist úr ríkissjóði, þar af málflutningslaun Ómars Stefánssonar hdl., 106.759 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur.

Málvarnarlaun stefndu, K, 106.759 kr., þ. m. t. virðisaukaskattur, greiðast úr ríkissjóði, sem gangi til lögmanns hennar, Jóhanns Halldórssonar hdl.
